

1019. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 08. apríl 2009 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Kristinn Örn Jóhannesson, Stefanía Magnúsdóttir, Ágúst Guðbjartsson, Ásta R. Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Bergur Þ. Steingrímsson, Guðrún J. Ólafsdóttir, Jón Magnússon, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Lykke Bjerre Larsen, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þ. Ingólfsson, Steinar J. Kristjánsson, Sigurður Sigfússon og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundarsetning

Kristinn Örn setti fund kl. 18:15 og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Að því loknu var farið hringinn og fundarmenn kynntu sig.

2. Umboð stjórnar til formanns vegna daglegs rekstrar skrifstofu VR

Kristinn Örn lagði fram skjal þar sem hann lýsir þeim vilja sínum að hann verði ráðinn með sama fyrirkomulagi og sömu starfsskyldum og forveri hans í starfi og aðrir formenn stærri stéttarféлага. Kristinn Örn dreifði skjölunum; *Stjórn VR*, *Stjórn – skipurit VR*, *Stjórn VR 2009-2010*, auk prentaðra upplýsinga um svið VR af innræf félagsins.

Urðu næst umræður um þetta mál.

Skiptar skoðanir voru á málinu meðal fundarmanna en niðurstaðan er sú að stjórn hitti sviðsstjóra, án formanns, og ræði málið en síðan sé haldinn stjórnarfundur í framhaldi af því. Málinu frestað á meðan.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 19:45